

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III HLUTI

Helstu tegundir verðbréfa - skuldabréf

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: *Helstu tegundir verðbréfa – Skuldabréf (40%)*

ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna Hlutabréfa (40%) og afleiðna og gjaldeyris (20%)

Prófdagur: 10. maí 2014 Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls: 4 klst. **Prófblöð 4 vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsiða):**

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfileg, þ.mt. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða hægt er að forrita. Fartölvunotkun óheimil.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Krossasurningar 10%

Hver spurning gildir 2,5% af heildarprófi, samtals 10%. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar. Einungis einn valkostur er réttur og gefið er rangt fyrir spurninguna ef fleiri en einn valkostur er valinn.

1. Hvaða fullyrðing varðandi skuldabréf, þar sem útgefandi hefur heimild til þess að greiða það upp miðað við nafnvexti bréfsins fyrir lokagjalddaga án þess að greiða sérstaklega fyrir það, er rétt?
 - a. Bréfið ætti að jafnaði að vera með sama markaðsverð á eftirmarkaði og samskonar bréf án uppgreiðsluheimildar
 - b. Munur á ávöxtunarkröfu bréfsins og samskonar bréfs án uppgreiðsluheimildar ræðst meðal annars af mun á ávöxtunarkröfu bréfsins sem hefur ekki uppgreiðsluheimild og nafnvaxta bréfsins sem hefur uppgreiðsluheimild
 - c. Á eftirmarkaði ætti almennt að vera lægri ávöxtunarkrafa gerð til uppgreiðanlegra bréfa en óuppgreiðanlegra
 - d. Allar fullyrðingarnar að ofan eru rangar
2. Við skoðun á skuldabréfum getur meðallíftími nýst við greiningu á:
 - a. Líkum á að útgefandi standi ekki í skilum
 - b. Vaxtanæmni skuldabréfa
 - c. Gengisáhættu
 - d. Ekkert að ofantöldu
3. Skuldabréf á markaði er tryggt með veði sem markaðurinn telur öruggt. Hvaða áhættu má gera ráð fyrir að veðið minnki verulega:
 - a. Endurfjárfestingaráhættu
 - b. Seljanleikaáhættu
 - c. Verðbólguáhættu
 - d. Skuldaráhættu
4. Fimm ára vaxtagreiðslubréf með árlegum greiðslum ber 10% nafnvexti. Ávöxtunarkrafan til þess er 8%. Eftir eitt ár hefur ávöxtunarkrafan ekki breyst en hvernig hefur verð bréfsins breyst?
 - a. Hækkað
 - b. Lækkað
 - c. Óbreytt
 - d. Sama og nafnverð bréfsins

II. Opnar spurningar 30%

Hver spurning gildir 6% af heildarprófi, samtals 30%. Í þeim spurningum sem eru með undirliðum gildir spurningin í heild 6% og allir undirliðir gilda jafnt. Sýnið útreikninga þar sem það á við.

5. Gefið var út skuldabréf fyrir 12 mánuðum til 5 ára fyrir 10.000.000 kr. Nafnvextir bréfsins við útgáfu voru með 2% stiga álagi (200bp) á 5 ára ríkisskuldabréf og ávöxtunarkrafa bréfsins var jöfn nafnvöxtunum. Þegar bréfið var gefið út var hægt að lesa út úr vaxtaferli ríkisskuldabréfa að vextir til 5 ára væru 5%. Bréfið er vaxtalaust eingreiðslubréf.

Í dag er vaxtaferill ríkisskuldabréfa svona:

1 ár	4%
2 ár	6%
3 ár	7%
4 ár	8%
5 ár	9%

Hvert er verð bréfanna í dag ef markaðurinn metur að ávöxtunarkrafa bréfsins ætti að vera með 1% hærra álagi á ríkisskuldabréf en þegar bréfið var gefið út?

6. Skuldabréf á markaði greiðir vexti einu sinni á ári (vaxtagreiðslubréf) og er til þriggja ára. Nafnverð bréfsins er 10.000.000 kr. Nafnvextir bréfsins eru 10%.
- Ef ávöxtunarkrafa til bréfsins er 8% hvert ætti markaðsverð þess að vera?
 - Ef ávöxtunarkrafa bréfsins eftir fyrstu vaxtagreiðslu er 12% hvert ætti markaðsverð bréfsins að vera þá?
 - Fjallið stuttlega ástæður fyrir á verðmuninum á bréfinu í a og b lið.
7. Tvö skuldabréf eru til skoðunar. Annað er jafngreiðslubréf en hitt er með jöfnum afborgunum. Bæði bréfin eru til fjögurra ára og með árlegum greiðslum og bera 7% nafnvexti.
- Hvernig skiptist fyrsta greiðsla jafngreiðslubréfsins á milli vaxta og afborgunar af höfuðstól?
 - Hvernig skiptist fyrsta greiðsla bréfsins með jöfnum afborgunum á milli vaxta og afborgunar af höfuðstól?
8. Markaðsskuldabréf til tveggja ára (vaxtagreiðslubréf) greiðir vexti tvisvar á ári og er með 10% nafnvöxtum. Hvert ætti verð 1.000.000 kr bréfs að nafnvirði að vera ef gerð er 5% ávöxtunarkrafa til bréfsins á ári.

9. Þú keyptir 10 ára eingreiðslubréf þegar það var gefið út fyrir einu ári. Bréfið er með 8% nafnvöxtum (kúlubréf sem greiðir vexti og höfuðstól í lokin). Þú keyptir bréfið á 7% ávöxtunarkröfu þegar það var gefið út. Ávöxtunarkrafa bréfsins er 6% í dag. Hver var raunávöxtun þín (reiknað nákvæmlega) ef vísitala neysluverðs hefur farið úr 120 stigum í 125 stig á sama tíma?